

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Áslands 2. áfanga, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 5. desember 2000 breytingu á deiliskipulagi Áslands 2. áfanga, hvað varðar gr. 2.3. og 3.5. í skipulagsskilmálum fyrir Þrastarás 53 - 57, 59 - 61 og 65 - 69.

Breytingin var í grenndarkynningu 13. desember 2000 - 12. janúar 2001, samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstaka aðilar verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 30. janúar 2001.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.